

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 131/1499*  
*komudagur 22.4.2005*



VERSLUNARRÁÐ  
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER  
OF COMMERCE  
Stofnað 1917

SAMTÖK  
VIÐSKIPTALÍFSINS

**Nefndasvið Alþingis**  
**Landbúnaðarnefnd**  
**b/t Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur, nefndarritara**  
**Austurstræti 8 - 10**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 22. apríl 2005.

**Efni: Frv. til I. um gæðamat á æðardúni**

Verslunarráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem miðar að því að festa enn frekar í sessi það fyrirkomulag sem hefur verið á svokölluðu eftirliti með dúnframleiðslu.

Verslunarráð telur að núgildandi lög nr. 39/1970 séu til trafala í dúnframleiðslu (bæði í útflutningi og á markaði hérlendis) og telur rétt að þau séu felld niður. Verslunarráð telur þannig einnig að ofangreint frumvarp styðjist ekki við rök sem fallast megi á. Hvort tveggja hindra lög um gæðamat á æðadúni hagræðingu í greininni, með því að koma í veg fyrir að dúnn sé fluttur utan óhreinsaður, og eru afar íþyngjandi fjárhagslega fyrir þá bændur sem enn stunda dúntekju.

Verslunarráð leggst gegn því að frumvarpið verði að lögum og hvetur um leið til þess að lög nr. 39/1970 verði felld niður.

Virðingarfyllst,  
f.h. Verslunarráðs Íslands,

Sigríður Á. Andersen.

*Póstáritun:*  
Verslunarráð Íslands  
Húsi verslunarinnar  
Kringlan 7  
103 Reykjavík

Sími: 510 7100  
Bréfsími: 568 6564  
Netfang: [mottaka@chamber.is](mailto:mottaka@chamber.is)  
Website: [www.chamber.is](http://www.chamber.is)